


AFSTÖÐUMYND
Mkv. 1:500




KORTMYND
Ekki í kvarða

BYGGINGARLÝSING:

Hér er um að ræða nýtt hesthús í Syðra- Langholti 6 í Hrunamannahreppi.

| | |
|---|---|
| Matshluti | 03 |
| Landnúmer | L223470 |
| Staðgreinir | 8710-2-00060012 |
| Grunnflötur | 291.2 m² |
| Rúmmál | 1225.8 m³ skv. skráningartöflu |

Í hesthúsinu verða 10 rúmgóðar eins hesta stíur og ein stærri stía, kaffistofa, salerni og reyðtygjageymsla. Í suðurenda er athafnasvæði til tamninga. Hönnun hússins er samkvæmt reglugerð um velferð hrossa nr 910/2014. Lyf og önnur hættuleg efni verða geymd í læstum hirslum.

Syðra-Langholt 6 er 6.8 hektara land, skilgreint til landbúnaðarnota í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Deiliskipulag svæðisins var samþykkt í sveitarstjórn 10. desember 2020. Í skilmálum skipulags er heimild til byggingar 900 m² hesthúss og reiðskemmu auk annars. Aðkoma er af Auðsholtsvegi.

**UNDIRSTÖÐUR OG ÚTVEGGIR** eru 20cm þykkir úr járnbentri steinsteypu.

**GÓLFPLATA** í hesthúshluta er 13cm þykk úr járnbentri steinsteypu. Í athafnasvæði er fyllt inn með jarðefni sem henta sem undirlag við tamningar.

**ÞAKVIRKI** samanstendur af sperrum og langböndum úr límtré.

**UTANHÚSS KLÆÐNINGAR:** Veggir verða klæddir með bárujárni / viðarklæðningu. Á þak koma steinullarfylltar, stálklæddar samlokueiningar.

**INNANHÚSSKLÆÐNINGAR** verða ekki lakari en í flokki 2.

**HURÐIR OG GLUGGAR** eru úr plasti með stálkjarna og tvöföldu einangrunargleri. Við val glergerða verður stuðst við RB-blað (31).121.1

**EINANGRUN:** Utan á veggi 50mm steinull. Þak 63/107 stálklæddar steinullareiningar. Undir gólfplötu að hluta 70mm polystyren.

**LOFTRÆSTING** er náttúruleg. Um opnanleg fög á gluggum og um loftunarglugga í mæni.

**NEYSLUVATN:** Inntak fyrir neysluvatn er staðsett í geymslu. Tenging verður við inntak íbúðarhúss. Lagnir verða í eða undir steyptri plötu. PEX-lagnir í hlífðarkápu að töppunarstað. Gætt verður að því að hiti vatns við töppunarstaði sé minni en 65 C°.

**UPPHITUN** verður með gólfhitakerfi og varmadælu og miðar við að halda húsinu frostfríu.

**FRÁRENNSLI:** Skolplagnir tengjast rotþró. Þak, jarðvatn og öryggisniðurföll í stíum tengjast siturlögnum eða svelg. Frágangur rotþrór og siturlagna skal vera skv. reglugerð 797/1999 og leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um rotþrær og siturlagnir (4.útg nóv. 2003).

**RAFLAGNIR** eru utanáliggjandi og gengið frá þeim þannig að ekki valdi skaða. Tryggt verður að raflagnir og varbúnaður séu samkvæmt gildandi reglugerðum og sé ætlaður til nota í landbúnaðarbyggingum. Töfluskápur er staðsettur í geymslu og tengist mæli íbúðarhúss.

**ÚRGANGUR:** Tað verður afsett í taðþró. Möguleg staðsetning kemur fram á afstöðumynd.

**SORP** sem tilfellur er afsett í tunnur sem staðsettar eru við íbúðarhús, flokkað skv. fyrirmælum sveitarfélagsins og haft aðgengilegt sorpbílum.

BRUNAVARNIR:

Brunaálag byggingarinnar er lítið, minna en 400MJ/m² gólfflatar. Kaffistofa, anddyri og geymsla í norðurenda myndar brunahólf og er stúkað frá gripahluta með EI60-veggjum.

Reyklosun er um 21m² þakglugga úr auðbrennanlegu efni í mæni.

Rýmingarleiðir eru um hurðir sem hægt verður að opna bæði innan og utanfrá. Flóttaleiðir eru merktar með neyðarlýsingu. Auðvelt verður að opna hurðir í flóttaleiðum án verkfæra þó að rafmagn fari af.

Handslökkvitæki og reykskynjarar eru merktir inn á grunnmynd.

Næsta slökkvistöð er á Flúðum í um 10 km, <15 mínútna fjarlægð. Þar er aðgengi að yfir 20.000 lítra slökkvivatni.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Samþykkt
17. feb. 2021
f.h. Byggingarfulltrúi

SKRÁNINGARTAFLA:

**Skráningartafla:** Syðra-Langholt 6 Hrunamannahreppi - Hesthús
**Landnúmer:** L223470
**Matshlutanúmer:** 03
Útgáfa: 4.01b
**Skrásetjari:** Sigurður U. Sigurðsson
**Kennitala:** 290772-4279
**Dags.:** 10.2.2021

| D0 Lokun | D1 Rými hæð-röð | D2 Notkun texti | D3 Höfuð-flokkun | D4 Eignar-hald | D5 Botnflötur m² | D5M Milliflötur m² | D6 Stigar m² | D7 Op m² | D8 Brúttóflötur m² | D9 Brúttóflötur sh < 1,8 | D10a Salarhæð min | D10b Salarhæð max | D11 Brúttó rúmmál m³ | D12 Nettóflötur m² | D16 Birt flatarmál m² | Reiknitala skiptarúmmáls | D17 Skipta-rúmmál m³ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | **Matshluti** | | | 291.2 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 291.2 | 0.0 | | | 1,225.8 | 265.1 | 291.2 | | 1,081.608 |
| | | **Botn** | | | | | | | | | | | 38.6 | | | | |
| | 01 | **1. hæð** | | | 291.2 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 291.2 | 0.0 | | | 1,187.2 | 265.1 | 291.2 | | |
| A | 0101 | **Hesthús** | N | 0101 | 291.2 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 291.2 | 0.0 | 3.22 | 4.91 | 1,187.2 | 265.1 | 291.2 | 4.08 | 1,081.608 |

**Athugasemdir**

**Sameignir sumra**

**Eignarhald**

| Eignar-hald | Notkun texti | Birt flatarmál m² | Skiptarúmmál Séreign m³ | Skiptarúmmál Séreign og sameign m³ |
|---|---|---|---|---|
| 0101 | **Hesthús** | 291.2 | 1,081.608 | 1,081.608 |
| | **Alls** | 291.2 | 1,081.608 | 1,081.608 |

HÖNNUÐUR Sig U. Sig

HÖNNUNARSTJÓRI Sig U. Sig

SYÐRA - LANGHOLT 6 L223470
HRUNAMANNAHREPPI
HESTHÚS

20210386

SIGURÐUR UNNAR SIGURÐSSON 290772-4279 VERKFRÆÐINGUR

AÐALUPPDRÁTTUR
AFSTÖÐUMYND, BYGGINGARLÝSING OG SKRÁNINGARTAFLA

HANNAÐ/TEIKNAÐ: SUS/VMÁ DAGS: 02.02.2021 Mkv: 1:500 á A1 TEIKN. NR: A02